ALÞÝÐUBLAÐIÐ

Fimmtudagur 28. mars 1996 | Stofnað 1919 | 49. tölublað - 77. árgangur

■ Búist við að Ólafur Ragnar Grímsson alþingismaður tilkynni forsetaframboð eftir páska

Ólafur Ragnar búinn að ákveða framboð


– segir samherji hans í Alþýðubandalaginu. „Við vitum að ýmsir af forystumönnum Alþýðuflokksins líta hreint ekki með vanþóknun á hugsanlegt framboð Ólafs Ragnars."

„Ólafur Ragnar er í raun og veru búinn að ákveða forsetaframboð. Hann fer sér hins vegar hægt og mun ekki gefa út neina tilkynningu fyrir páska. Tíminn vinnur með honum," sagði náinn samherji Ólafs Ragnars Grímssonar alþingismanns í samtali við *Alþýðublaðið* í gær. Viðmælandi blaðsins óskaði nafnleyndar, en kvaðst hafa orð Ólafs Ragnars sjálfs fyrir því að nánast ekkert gæti nú útilokað framboð.

Í skoðanakönnunum *DV* hefur fylgi Ólafs Ragnars farið mjög vaxandi. Samkvæmt könnun sem birtist í blaðinu 4. mars naut Ólafur Ragnar 14,3 prósenta fylgis, samanborið við 8,5 prósent í janúar og 4 prósent í nóvember. Skoðanakönnun DV í mars leiddi í ljós að aðeins Guðrún Pétursdóttir og séra Pálmi Matthíasson hafa forskot á Ólaf Ragnar, og hafði fylgi Pálma reyndar dalað lítillega. Þá vakti ekki síður athygli að Ólafur Ragnar hafði skotið bæði Davíð Oddssyni forsætisráðherra og Guðrúnu Agnarsdóttur lækni aftur fyrir sig, en bæði höfðu þau mælst með talsvert meiri stuðning en Ólafur Ragnar.

Útkoma Ólafs Ragnars var jafnvel betri í skoðanakönnun Gallup í byrjun mars. Þar var hann kominn upp í annað sæti, á eftir Guðrúnu Pétursdóttur, en hún tók afgerandi forystu eftir að hafa orðið fyrst „alvöru" frambjóðenda til að ríða á vaðið.


Heimildamaður Alþýðublaðsins sagði að sú ákvörðun Guðrúnar Agnarsdóttur að bjóða sig fram hefði enn styrkt stuðningsmenn Ólafs Ragnars í þeirri trú að hann gæti haft erindi sem erfiði í forsetaslagnum. Fylgi Guðrúnar Agnarsdóttur mældist aðeins 5,5 prósent í síðustu könnun DV og hafði hrunið um heil 10 prósentustig síðan í nóvember. Guðrún Pétursdóttir stal senunni, en nú er búist við hörðum slag milli hennar og Guðrúnar Agnarsdóttur, enda litið svo á að þær rói að miklu leyti á sömu mið.



Ólafur Ragnar: Stuðningur úr óvæntustu áttum hefur fleytt honum í annað sæti yfir vinsælustu forsetaefnin.

„Ólafur Ragnar er ekkert hræddur um að Guðrún Agnarsdóttir hafi af honum vinstra fylgi, enda er stuðningur við hann úr öllum áttum. Framsóknarmenn á landsbyggðinni og auðvitað dágóður hluti Alþýðubandalagsins styður hann. Við vitum líka að ýmsir af forystumönnum Alþýðuflokksins líta hreint ekki með vanþóknun á hugsanlegt framboð Ólafs Ragnars, hvað svo sem einstakir stuðningsmenn flokksins gera. Margir sjálfstæðismenn úr viðskiptalífinu vita að hann hefur átt mikinn þátt í að hjálpa mönnum að vinna nýja markaði fyrir íslenskar vörur, einkum í Asíu, og vita að hann yrði atorkusamur forseti sem myndi beita sér á alþjóðavettvangi, þótt sjálfsagt myndi hann líka gróðursetja hríslur við og við," sagði viðmælandi blaðsins.

Öllum heimildum ber saman um að Ólafur Ragnar muni mjög styrkja sig í sessi sem stjórnmálamaður, eins þótt hann nái ekki kjöri. „Hann fer létt með að fá miklu meira fylgi en Alþýðubandalagið gerði í síðustu kosningum, og jafnvel þótt hann verði ekki húsráðandi á Bessastöðum hefur hann þar með skapað sér sterka stöðu. En í herbúðum Ólafs Ragnars er hreinlega ekki lengur litið á framboð hans sem lið í því að styrkja hann sem stjórnmálamann. Ólafur Ragnar á einfaldlega mikla möguleika á því að verða fimmti forseti lýðveldisins," sagði viðmælandi blaðsins.



Vilji er greinilega allt sem þarf. Svavar knúði dyra í Alþýðuhúsinu, og viti menn, þær lukust upp.

■ Svavar Gestsson í viðtali við Alþýðublaðið

A- flokkarnir eiga að vera burðarásinn

„Á þessu kjörtímabili hefur þróast gagnkvæm virðing milli Alþýðubandalags og Alþýðuflokks. Menn eru að leita að samnefnara fremur en því sem sundrar. Ég sé það fyrir mér að í næstu Alþingiskosningum verði, með einum eða öðrum hætti, samvinna milli þessara flokka," segir Svavar Gestsson þingmaður Alþýðubandalagsins í opnuviðtali í Alþýðublaðinu. Svavar segir ennfremur: „Samvinnan gæti orðið um málefni eða lista. Það gæti komið fram yfirlýsing um framtíðarmarkmið. Það gæti orðið ríkisstjórnaryfirlýsing. Það eru A- flokkarnir sem eiga að vera burðarásinn í sterku pólitísku afli félagshyggjufólks og ég er bjartsýnn á að svo verði."

Í viðtalinu ræðir Svavar um jafnaðarstefnu og kommúnisma, gamlar og nýjar kempur í pólitík, Alþýðuflokk og Alþýðubandalag og samskipti þessara flokka sem hann segir aldrei hafa verið betri. Sjá opnu.


■ Leigusamningi Sinfóníunnar sagt upp

Segi ekkert

–er viðkvæði stjórnarformanns Háskólabíós

Stjórn Háskólabíós hefur sagt Sinfóníuhljómsveit Íslands upp leigusamningi um aðstöðu í húsinu frá 1.júlí, en hljómsveitin hefur verið þar til húsa í 35 ár. Ekki er greint frá ástæðum uppsagnarinnar í bréfi sem sent var hljómsveitinni, en Runólfur Birgir Leifsson, framkvæmdastjóri hljómsveitarinnar, segir það vilji eigenda hússins að hækka leiguna. Hann segir hins vegar að hljómsveitin hafi ekki fjármagn til að greiða hærri leigu.

Í samtali við Alþýðublaðið vildi Stefán Már Stefánsson, prófessor og stjórnarformaður Háskólabíós, litlu svara ummælum Runólfs og ekki gefa uppi neinar ástæður fyrir uppsögninni. „Ég ræði ekki einkamál annars viðskiptaaðila í dagblöðum," sagði Stefán. Friðbert Pálsson framkvæmdastjóri Háskólabíós er erlendis, en Einar Valdimarsson skrifstofustjóri sagði þá hafa tekið ákvörðun um að segja ekkert um málið enn. „Við erum í svolítlum vandræðum þar sem framkvæmdastjórinn er ekki við," sagði Einar.




Gerðu það sjálfur... **gæti verið yfirskriftin á sýningu sem opnar á Kjarvalsstöðum á laugardag. Þar er sjónum beint að því sem á íslensku hefur fengið heitið fyrirmælalist. Hún felst í því að listamenn senda úr fjarska leiðbeiningar um hvernig listaverk skuli vera, en koma að öðru leyti ekki nálægt gerð þeirra. Þegar ljósmyndara Alþýðublaðsins bar að garði á Kjarvalsstöðum var verið að setja upp verk eftir listamanninn Fabrice Hybert og hafði Einar Thoroddsen læknir verið fenginn til að rétta hjálparhönd. Fyrirmælin að verkinu hefjast með svofelldum orðum: Biðjið lækni sem fæddur er fyrir 1961 að teikna á hvaða flöt sem vera skal innan sýningarsalarins..."**

■ Sjálfstæðisflokkurinn

Landsfundur 10. október 1996

„Fundinum hefur bara verið frestað einu sinni," segir Kjartan en upphaflega stóð til að halda hann í október á síðasta ári. Ástæður þess segir hann hafa verið snjóflóðin á Flateyri. „Fundurinn hefði verið á sama tíma og jarðafarirnar og þjóðin var náttúrulega harmi slegin og hafði um allt annað að hugsa en þetta. Þá strax ákváðum við að fresta honum um eitt ár," segir Kjartan en hann segir það einungis hafa verið vangaveltur sem fram komu í fjölmiðlum að fundurinn yrði nú í vor. „Landsfundurinn verður haldinn 10. október 1996," sagði Kjartan.



Séra Jakob líkti kirkjunni við ómyndugan ungling.

■ Séra Jakob Ágúst Hjálmarsson dómkirkjuprestur

Kirkjan hefur verið sofandi og hrædd

– en hún hefur enn tækifæri til að taka frumkvæðið í aðskilnaðarumræðunni.

Þjóðkirkjan hefur verið sofandi og hrædd í málefnum sínum og er í raun að uppskera makleg málagjöld vanþroska síns þessa dagana. Þetta er skoðun séra Jakobs Ágústs Hjálmarssonar dómkirkjuprests sem kom fram á fundi um samskipti ríkis og kirkju er haldinn var í Ráðhúsinu á þriðjudag. Séra Jakob er einn fárra presta sem hefur talað einarðlega fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju og sagði hann á fundinum að hann sæi hvergi vísbendingar um að eitthvað óttalegt biði þjóðkirkjunnar eftir aðskilnað, enda væri samband ríkis og kirkju sögulega séð ekki endanlegt fyrirkomulag.

Jakob sagði ennfremur að stjórnvöld kirkjunnar eigi að hafa það að markmiði að kirkjan taki yfir æ meira af málefnum sínum og fái lögformlegan myndugleika til að standa sem sjálfstætt og frjálst trúfélag í íslenska þjóðfélaginu. Kirkjuna vantaði heildstæða löggjöf frá kirkjuþingi og líkti hann henni í því sambandi við ómyndugan ungling eða próventukerlingu. Sagði hann að fyrir lægi frumvarp um skipulag þjóðkirkjunnar, en því miður bæri það merki um íhaldssemi. Jakob undirstrikaði að þjóðkirkjan hefði enn um stund tækifæri til að taka frumkvæðið í aðskilnaðarumræðunni.

Sjá frásögn af fundinum á blaðsíðu sex.